

14. desember, 2022

Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna undirfjármögnunar Háskóla Íslands og umræðna um hækkun skrásetningargjalda

Stúdentaráð Háskóla Íslands lýsir yfir þungum áhyggjum af fjármögnun Háskóla Íslands í ljósi umræðna um fjárlög á þingi og gagnrýnir harðlega beiðni háskólayfirvalda um hækkun skrásetningargjaldsins í 95.000 kr. í kjölfar þeirra. Fjármögnun Háskóla Íslands stendur langt að baki fjármögnun opinberra háskóla annars staðar á Norðurlöndunum, þar sem opinber háskólamenntun er almennt gjaldfrjálst eða gjöld hófleg. Heildartekjur Háskóla Íslands árið 2019 voru 2,9 milljónir á ársnema á meðan meðaltalið á Norðurlöndunum er 4,2 milljónir á hvern ársnema. Það hefur ítrekað verið bent á fjárþörf háskólastigsins og að brýnt sé að útdeiling fjármuna til Háskóla Íslands taki mið af raunverulegu landslagi háskólastigsins þannig að rekstrargrundvöllur þeirra sé tryggður¹.

Háskólayfirvöld og stjórnvöld verða að hætta að reyna að fegra sannleikann um hvernig fjármögnun opinberrar háskólamenntunar er í raun háttað. Það er ekki tilviljun að háskólayfirvöld óski eftir² hækkun á skrásetningargjaldinu í kjölfar 2. umræðu fjárlaga og þeim niðurskurði til Háskóla Íslands sem þar er boðaður. Byrðinni af fjármögnun opinberrar háskólamenntunar er velt beint yfir á stúdenta vegna þess að stjórnvöld sinna ekki lögbundinni skyldu sinni til þess að halda uppi grunnstarfsemi háskólanna með nægilegri fjárveitingu á fjárlögum. Beiðni um hækkun gjaldsins nú er ekkert annað en örvæntingarfull tilraun háskólayfirvalda til þess að plástra blæðandi sár, enda yrði hækkun gjaldsins aðeins dropi í hafið fyrir háskólann miðað við það fjármagn sem upp á vantar, en myndi aftur á móti hafa mikil áhrif á stúdenta.

Stúdentaráð leggst alfarið gegn hvers konar áformum um hækkun skrásetningargjaldsins sem er nú þegar allt of hátt, það takmarkar aðgengi að háskólamenntun og skerðir jafnrétti til náms. Verði áform um hækkun að veruleika mun aðgengi að opinberri háskólamenntun héraendis kosta stúdenta 90% af grunnframfærslu eins mánaðar frá Menntasjóði námsmanna³, sem lánar nú þegar aðeins fyrir níu af tólf mánuðum ársins. Því er ljóst að

¹ Sjá t.d. [umsögn Háskóla Íslands um Grænbók um fjárveitingar til háskóla](#)

² Sjá [fundargerð háskólaráðs 8. desember 2022](#).

³ Miðað við 106.320 kr grunnframfærslu skv. [úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna 2022-2023](#)



Stúdentaráð Háskóla Íslands

eingöngu átta mánaða framfærsla stendur eftir handa stúdentum til að eiga í sig og á. Þar að auki fer gjaldið ekki aðeins í skrásetningu líkt og almenningi, og þar á meðal stúdentum, hefur verið talin trú um, heldur er hið rétta nafn fyrir það gjald sem stúdentar greiða **skólagjöld**, enda renna þau í margvíslegt annað í rekstri skólans. Stúdentaráð dregur réttmæti þess í efa þar sem það er lögbundið hlutverk hins opinbera að fjármagna rekstur, kennslu og rannsóknarstarfsemi opinberu háskólana⁴.

Hækkun skrásetningargjaldsins yrði gríðarlega íþyngjandi fyrir stúdenta og væri aðeins skammtímalausn sem myndi hafa í för með sér fleiri vandamál en hún myndi leysa. **Það þarf að ráðast tafarlaust á rót vandans, sem er fjármögnun opinberrar háskólamenntunar hér á landi, eða réttara sagt skortur á henni.** Stúdentaráð krefst þess að stjórnvöld sinni lögbundnum skyldum sínum um fjármögnun opinberrar háskólamenntunar í stað þess að velta byrðinni yfir á stúdenta.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Rebekka Karlsdóttir

Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

⁴ Sjá m.a. [Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands í kjölfar brots háskólaráðs á stjórnsýslulögum við ákvörðun á skrásetningargjaldi](#)